

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Skuggasund 1 102  
Reykjavík  
postur@uar.is

Ungir umhverfissinnar  
Rafstöðvarvegur 7-9 110  
Reykjavík  
umhverfissinnar@gmail.com

24. september 2020

**Athugasemdir við mál nr. 119/2020  
Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, 2. útgáfa**

Eftirfarandi er sameiginleg umsögn nokkurra félaga ungs fólks sem láta loftslagsmál sig varða. Hópurinn hefur meðal annarra tekið virkan þátt í loftslagsverkföllum alla föstudaga og gefið frá sér [kröfur](#) um aðgerðir stjórnvalda til að sporna við áhrifum loftslagsvánnar. Loftslagsverkföllin eru þó alþjóðleg hreyfing og þessi umsögn er ekki í nafni hennar, heldur í nafni undirritaðra félaga.

Sigurður Loftur Thorlacius, fulltrúi ungs fólks í loftslagsráði, gerði mjög skýra greiningu á fyrri aðgerðaráætlun. Einungis lítill hluti af hans ábendingum voru teknar til greina en að okkar mati eru þar eftirstandandi fjöldi af aðgerðum sem við myndum vilja sjá framfylgt. Athugasemdir hans fylgja með í viðhengi.

## Hærra markmið um samdrátt

Við viljum að ríkisstjórnin setji markmið um a.m.k. 50% samdrátt í heildarlosun ásamt landnotkun fyrir árið 2030 í samræmi við uppfærslu á markmiðum Evrópusambandsins og í samræmi við markmið um kolefnishlutleysi 2040. Með því að stefna einungis að 35 prósent samdrætti í ESR losun á áratugnum 2020-2030 þá er verið að skilja eftir hin 65 prósentin fyrir áratuginn þar á eftir, 2030-2040. Það er óábyrgt að varpa þannig meirihluta byrðarinnar yfir á næstu kynslóð.

**Þó að núverandi áætlun hljóði upp á 35% samdrátt í ESR losun þá er hún einungis 9% samdráttur í heildarlosun ásamt landnotkun og ETS.**

Við viljum að horft sé á heildarlosun!

Enda búum við öll á þessari plánetu með allri þeirri losun sem á sér stað sama hvernig pólitíkusar flokka hana niður. Loftslaginu er sama hvaðan losunin kemur. Losunin á Íslandi er á höfðatölu:

- 14 t CO<sub>2</sub> ígildi á mann á ári skv. ESR+ETS → Með þeim hærri
- 22 t CO<sub>2</sub> ígildi á mann á ári skv. neysludrifinni aðferðafræði → Með þeim hæstu í heimi
- 44 t CO<sub>2</sub> ígildi á mann á ári skv. ESR+ETS+LULUCF → Með þeim hæstu í heimi

## Meira fjármagn eyrnamerkt loftslagsmálum

Í 6. kafla aðgerðaráætlunnarinnar segir:

*Þegar fyrsta útgáfa Aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum var kynnt haustið 2018 kom fram að henni fylgdu 6,8 milljarðar króna og var þar miðað við fjármálaáætlun 2019- 2023. Það fjármagn var sérstaklega eyrnamerkt loftslagsmálum og fór í gegnum umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Með fjármálaáætlun 2020-2024 jukust enn framlög til málaflokksins og í sérstöku fjárfestingarátaki ríkisstjórnarinnar árið 2020 vegna efnahagsáhrifa Covid-19 var síðan gert ráð fyrir 600 milljónum króna aukalega til orkuskipta og grænna lausna.*

Gangi þetta eftir er fjármagn eyrnamerkt loftslagsmálum 1850 milljónir á ári en heildartekjur ríkissjóðs 2020 eru 908 689 milljónir samkvæmt fjárlögum.

Eyrnamerkur peningur fyrir loftslagsaðgerðir eru þá u.þ.b. 0,2% af heildartekjum á ári ef miðað er við heildartekjur 2020.

Í skýrslu IPCC frá 2018 er kemur fram hve miklar fjárfestingar þarf í sviðsmyndum sem stöðva hnattræna hlýnun við 1,5°C eða 2,0°C. Sviðsmynd OECD fyrir 2,0°C hnattræna hlýnun er eina sviðsmyndin sem tekur tillit til fjárfestinga í samgönguinnviðum og öðrum innviðum auk fjárfestinga í orkuvinnslu og orkunýtni. Þar er áætlað að árlegar fjárfestingar þurfi að nema því sem samsvarar 6,0% af landsframleiðslu heimsins, annars vegar 4,0% vegna samgönguinnviða og annarra innviða og hins vegar 2,0% vegna orkuvinnslu og orkunýtni. Á Íslandi hefur þegar verið tekin upp endurnýjanlega orkuvinnsla og því standa eftir fjárfestingar vegna samgönguinnviða og annara innviða. Við viljum að þessi tala, 4%, verði höfð að leiðarljósi þegar gerð er aðgerðaráætlun í loftslagsmálum.

**Við viljum að sett séu fram margfalt öflugri aðgerðir þannig áætlunin skili fjórfalt meiri árangri, eða árlegum samdrætti í nettó losun um 700 kt CO<sub>2</sub> ígilda svo 50% samdráttur í heildarlosun ásamt landnotkun náist fyrir árið 2030.**

Úr [sjálfbærnisstefnu](#) LÍS:

*Samtökin munu þrýsta á að stjórnvöld fjölgi og auki við öflugar aðgerðir í aðgerðaráætlun í loftslagsmálum til 2030 og að hún verði endurskoðuð reglulega. Endurskoðun hennar þarf að vera gagnrýnin og framsækin og skal ávallt leita tækifæra til að tímasetja hvert og eitt markmiðanna. Aðgerðirnar þurfa að endurspegla neyðarástandið sem ríkir í dag og ættu stjórnvöld að lýsa yfir neyðarástandi til þess að undirstrika mikilvægi þess að allir taki höndum saman gegn loftslagsvánni.*

Úr [samþykktum](#) UU:

5. gr.

UU nálgast umhverfismál frá öllum sjónarhornum og beitir sér fyrir sjálfbærri þróun, náttúruvernd og hringrásarhagkerfi í samhengi við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Nálgun félagsins er heildstæð og byggir m.a. á grunni vísinda, þekkingar á staðháttum, sjónarmiða nærsamfélags, sameiginlegra hagsmuna mannkyns og réttinda náttúrunnar.

Porgerður María Þorbjarnardóttir

Porgerður M Þorbjarnardóttir  
Formaður Ungra umhverfissinna

Jóhanna Ásgeirsdóttir

Jóhanna Ásgeirsdóttir  
Forseti Landssamtaka íslenskra stúdenta

Isabel Alejandra Díaz

Isabel Alejandra Díaz  
Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands

 LANDSSAMTÖK  
ÍSLENSKRA  
STÚDENTA

  
Ungir  
Umhverfissinnar

  
Stúdentaráð Háskóla Íslands